


Aðalskipulag Norðurljóss 2009-2029

Áfangaskýrsla 7

Matslýsing fyrir umhverfismat skipulagstillögu

September 2009

ATA



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1	5	Umfang, áherslur og aðferðir umhverfismatsins.....	7
1.1	Tilgangur matslýsingar.....	1	5.1	Stefnumið og stefnukostir	7
1.2	Framlögð gögn og uppbygging aðalskipulagstillögu	2	5.2	Umhverfisþættir	8
2	Efni aðalskipulagstillögunnar.....	3	5.3	Umhverfisviðmið	8
2.1	Leiðarljós og meginmarkmið	3	5.4	Gögn, matsvinnan og framsetning	10
2.2	Stefnumið í einstökum málaflokkum	3	6	Heimildir.....	10
2.3	Landnotkunarákvarðanir/-skilmálar	3			
3	Tengsl aðalskipulagsins við aðrar áætlanir.....	3			
3.1	Alþjóðlegar samþykktir.....	3			
3.2	Áætlanir og stefna á landsvísu.....	4			
3.3	Áætlanir og stefna á svæðisvísu	6			
3.4	Áætlanir sveitarfélagsins	6			
4	Umhverfisaðstæður í Norðurþingi.....	7			

1 Inngangur

Eftirfarandi skýrsla er matslýsing fyrir umhverfismat tillögu að Aðalskipulagi Norðurlands 2009-2029.

1.1 Tilgangur matslýsingar

Norðurland hefur unnið að gerð aðalskipulags fyrir sveitarfélagið síðan vorið 2008 og nú liggja fyrir drög að markmiðum, stefnu og skipulagsákvæðum Aðalskipulags Norðurlands 2009-2029. Eftirfarandi samantekt er lýsir hvernig staðið verður að umhverfismati skipulagstillögunnar, sbr. lög nr. 105/206 og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlaða (Skipulagsstofnun 2007 og 2009).

Tilgangur matslýsingarinnar er að gera grein fyrir efni tillögu að Aðalskipulagi Norðurlands 2009-2009 og umfangi og áherslum umhverfismats tillögunnar, þannig að Skipulagsstofnun og eftir atvikum aðrir umsagnaraðilar, geti kynnt sér hvernig staðið verður að matinu og gert athugasemdir eftir því sem tilefni þykir til.

Tillaga að matslýsingu var tekin fyrir á fundi skipulags- og byggingarnefndar Norðurlands 9. júní 2009. Skipulagsstofnun afgreiddi matslýsinguna með bréfi dags. 10. júlí 2009 og var hún lagfærð lítillega í kjölfarið og er nú birt á vef Norðurlands til kynningar fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila.

Þeir sem hafa athugasemdir eða ábendingar varðandi matslýsinguna eða vilja benda á umhverfisáhrif sem stefna og ákvæði aðalskipulagstillögunnar (sbr. áfangaskýrslur 1-6 sem finna má á vef Norðurlands) kunna að valda, geta sent þær til Matthildar Kr. Elmarsdóttur, Alta, Ármúla 32, 108 Reykjavík eða til matthildur@alta.is. Óskað er eftir að athugasemdir berist fyrir 18. september 2009.

Ábendingar sem kunna að berast verða hafðar til hliðsjónar við umhverfismat skipulagstillögunnar. Skipulagstillagan ásamt drögum að umhverfismati (umhverfisskýrslu) verður síðan kynnt á vef Norðurlands og send viðeigandi stofnunum og hagsmunaaðilum til umsagnar áður en endanlega verður gengið frá tillögu og umhverfisskýrslu til auglýsingar skv. skipulags- og byggingarlögum.

1.2 Framlögð gögn og uppbygging aðalskipulagstillögu

Aðalskipulagstillagan hefur verið unnin í áföngum til hæðarauka við umfjöllun meðal íbúa og í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Fyrir liggja eftirfarandi áfangaskýrslu, eða drög að áfangaskýrslum, sem lagðar eru fram með þessari matslýsingu:

1. Meginforsendur, framtíðarsýn og meginmarkmið, drög febrúar 2009. ásamt viðauka um íbúa- og atvinnuþróun, drög febrúar 2009.
2. Auðugt umhverfi og sterk ímynd, drög maí 2009. Undanfari þessarar skýrslu er áfangaskýrsla 2.3 Fjölbreytt landslag í sveitum, drög febrúar 2009.
3. Góð afkoma og örugg grunngerð, drög ágúst 2009.
4. Fjölbreyttur lífsstíll og sameiginleg velferð, drög ágúst 2009.
- 5.1 Kópasker - skipulagsákvæði, þ.m.t. þéttbýlisuppdráttur, drög febrúar 2009.
- 5.2 Raufarhöfn – skipulagsákvæði, þ.m.t. þéttbýlisuppdráttur, drög febrúar 2009.
- 5.3 Húsavík - skipulagsákvæði, þ.m.t. þéttbýlisuppdráttur, drög maí 2009.
- 5.4 Miðbær Húsavíkur – stefna og skipulagsrammi, tillaga nóvember 2008.
6. Dreifbýli – skipulagsákvæði, þ.m.t. sveitarfélagsuppdráttur, drög ágúst 2009.
7. Matslýsing fyrir umhverfismat skipulagstillögu, júní 2009, lagf. ágúst 2009.

Sú matslýsing sem hér er lögð fram er 7. áfangaskýrslan og mun umhverfismat skipulagstillögunnar verða 8. skýrslan.

Endanleg aðalskipulagstillaga mun verða sett saman úr framangreindum áfangaskýrslum en efnisyfirlit tillögunnar er eftirfarandi, sbr. einnig áfangaskýrslu 1:

INNGANGUR

- 1 Formáli
- 2 Hlutverk og áherslur aðalskipulags Norðurlands
- 3 Uppbygging aðalskipulagsins

FORSENDUR

- 4 Styrkleikar Norðurlands
- 5 Áskoranir og tækifæri
- 6 Áætlun um byggðaðróun

STEFNA

- 7 Framtíðarsýn og meginmarkmið
- 8 Nýr hornsteinn í atvinnulífið
- 9 Þingeysk matvælaframleiðsla
- 10 Framsækin ferðaþjónusta
- 11 Vaxandi sérþekking
- 12 Öruggar samgöngur
- 13 Góð þjónustukerfi
- 14 Skapandi skólastarfsemi
- 15 Fyrirmyndar tómsundaaðstaða
- 16 Litríkt menningarlíf
- 17 Traust velferðarþjónusta
- 18 Vönduð stjórnsýsla
- 19 Heilbrigð vistkerfi
- 20 Sjálfbær auðlindanýting
- 21 Fjölbreytt búsetulandslag í dreifbýli
- 22 Vönduð bæjarmynd í þéttbýli

SKIPULAGSÁKVÆÐI

- 23 Skipulag í dreifbýli. Sveitarfélagsuppdráttur í mkv. 1:100.000
- 24 Skipulag á Húsavík. Þéttbýlisuppdráttur í mkv. 1:10.000.
- 25 Skipulag á Kópaskeri. Þéttbýlisuppdráttur í mkv. 1:10.000.
- 26 Skipulag á Raufarhöfn. Þéttbýlisuppdráttur í mkv. 1:10.000.

HEIMILDASKRÁ

VIÐAUKAR

- 1 Umhverfisskýrsla: Forsendur og umhverfisáhrif Aðalskipulags Norðurlands 2009-2029.
- 2 Skipulags- og afgangsluferli aðalskipulagsins.
- 3 Íbúa- og atvinnuþróun í Norðurlandi 1998-2008 og húsnaðisþörf á skipulagstímabilinu.



2 Efni aðalskipulagstillögunnar

Stefna aðalskipulagsins er sett fram með leiðarljósi fyrir Norðurþing í heild, meginmarkmiðum fyrir helstu málaflokka og stefnumiðum í einstökum málaflokkum. Stefnan er síðan útfærð nánar með landnotkunarákvæðum og skipulagsskilmálum fyrir einstök svæði.

2.1 Leiðarljós og meginmarkmið

Vísað er til áfangaskýrslu 1 um „Meginforsendur, framtíðarsýn og meginmarkmið“.

2.2 Stefnumið í einstökum málaflokkum

Vísað er til áfangaskýrslu 2 en í henni eru sett fram drög að stefnu í öllum þeim málum sem varða beint þróun byggðar, landnotkun, mannvirkjagerð og umgengi við náttúruna.

Vísað er til áfangaskýrslu 3 varðandi stefnu um atvinnulíf, samgöngur og veitur og áfangaskýrslu 4 um stefnu sem varðar skóla, tómstundir, menningarlíf, velferð og stjórnsýslu.

Stefnumótun tekur mið af fyrirliggjandi áætlunum og stefnu á lands- og svæðisvísu, sbr. 3. kafla að aftan.

2.3 Landnotkunarákvarðanir/-skilmálar

Vísað er til áfangaskýrslu 6 um skipulag í dreifbýli og áfangaskýrslu 5.1, 5.2, 5.3 og 5.4. um skipulag í þéttbýli.

3 Tengsl aðalskipulagsins við aðrar áætlanir

Í umhverfismati skipulagstillögunnar verður gerð grein fyrir samræmi eða ósamræmi hennar við fyrirliggjandi áætlanir.

3.1 Alþjóðlegar samþykktir

Markmið og ákvæði eftirfarandi alþjóðlegra samþykktanna liggja til grundvallar framtíðarsýn og stefnu aðalskipulags Norðurþings:

Heiti áætlunar	Markmið/stefna sem tengist aðalskipulagsgerðinni
Alþjóðasamþykkt um fuglavernd (París 1950).	Allir villtir fuglar skulu verndaðir. Stjórnvöld mega veita undanþágu frá þessari almennu reglu í þágu vísinda og menntunar, og hvað varðar vargfugla.
Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi (Ramsar 1971).	Mývatnssveit og öll Laxá (20.000 ha) nýtur verndar á grundvelli samningsins.
Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979).	Gera ber nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda, eða aðlaga, stofnstærð villtra dýra og plantna, í samræmi við vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni (Río 1992).	Stuðla ber að verndun og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni.
Rammasamningur sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Río de Janeiro 1992).	Stemmt verði stigi við auknum gróðurhúsáhrifum með því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og vernda og auka viðtaka og geyma (þ.e. lífmassa, skóga, höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi) fyrir gróðurhúsalofttegundir.
Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins (C 42/1995) http://whc.unesco.org	Skylda aðildarríkis til að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og miðla til komandi kynslóða menningar- og náttúruarfleifð sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi og er á yfirráðasvæði þess.



3.2 Áætlanir og stefna á landsvísu

Aðalskipulag Norðurlands þingis tekur mið af eftirfarandi áætlunum, stefnuskjölum og leiðbeiningaskjölum á landsvísu, auk markmiða og ákvæða þeirra laga sem helst varða skipulagsgerðina, s.s. skipulags- og byggingarlaga, þjóðminjalaga, laga um náttúruvernd, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga um Vatnajökulsþjóðgarð og laga um verndun Mývatns og Laxár, (sjá nánar [http://www.skipulag.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Endanlegt/\\$file/Endanlegt.pdf](http://www.skipulag.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Endanlegt/$file/Endanlegt.pdf)).

Heiti áætlunar	Markmið/stefna sem tengist aðalskipulagsgerðinni
Þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2006–2009 (Alþingi 2006).	Stefnt er að aðgerðum sem beinast að bættum samgöngum og fjarskiptum, eflingu rannsóknar, tækniþróunar og nýsköpunar, uppbyggingu þekkingarsetra/háskólasetra, eflingu dreifmenntunar, símenntunar og menningarstarfsemi, bættari heilbrigðisþjónustu, efling þjónustu við innflytjendur, aukinni fjölmenningu, uppbyggingu ferðaþjónustu og efling umhverfisstarfs með áherslu á framkvæmd Staðardagskrár 21.
Þingsályktun um [tölf ára] samgönguáætlun fyrir árin 2003-2014 (Alþingi 2003).	Aukin flytjanleiki [hreyfanleiki] í samgöngukerfinu með bættu aðgengi, aukinni afkastagetu og með því að skapa skilyrði fyrir flesta landsmenn að komast til og frá höfuðborgarsvæðinu á innan við 3½ klst. Grunnnetið verði byggt upp skv. tillögum um röð framkvæmda þjónusta í grunnnetinu verði aukin. Almenningssamgöngur í lofti, á sjó og á landi verði skipulagðar þannig að þær nái til allra þéttbýlisstaða með um það bil 200 íbúum eða fleiri. Hagkvæmni verði í uppbyggingu og rekstri samgangna. Umhverfislega sjálfbærar samgöngur: Notkun á endurnýjanlegum auðlindum sé undir endurnýjunarhraða og ekki sé gengið hraðar á óendurnýjanlegar auðlindir en svo að mögulegt sé að þróa og skipta yfir í endurnýjanlegar auðlindir. Umhverfisáhrifum samgangna, hnattrænum og staðbundnum, verði haldið innan ásættanlegra marka. Losun CO ₂ frá samgöngum árið 2010 verði ekki meiri en árið 1990. Dregið verði úr hávaða frá samgöngum og loftmengun verði haldið innan viðmiðunargildum í stöðlum Evrópusambandsins.

	<p>Stuðla verði að nýtingu umhverfsvæna orkugjafa.</p> <p>Öryggi í samgöngum: Öryggi verði eins og best gerist með öðrum þjóðum. Banaslysum og öðrum alvarlegum slysum í umferðinni verði fækkað um 40% til 2012 miðað við meðaltal árunna 1996-2000 í samræmi við umferðaröryggisáætlun 2001-2012.</p> <p>Götur og vegir og umhverfi vega gert öruggara, meðal annars með endurskoðun staðla, bættari öryggishönnun, aðskilnaði bílaumferðar og óvarinna vegfarenda þar sem umferðin er mest og fækkun hættulegra staða í vegakerfinu.</p>
Þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 (Alþingi 2007).	<p>Í áætluninni eru skilgreind verkefni sem miða að hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna, umhverfislega sjálfbærum samgöngum, öryggi í samgöngum og jákvæðri byggðaðróun. Það verkefni sem sveitarfélög geta helst tekið til sín er að meta áhrif bættra samgangna á byggðaðróun.</p> <p>Áætlunin flokkar jafnframt samgöngumannvirki og setur fram fjárveitingar til framkvæmda við hafnir, flugvelli, vegi og sjóvarnir eftir sveitarfélögum og tilteknum verkefnum. Í tillögu að aðalskipulagi Norðurlands þingis er gerð grein fyrir framkvæmdum á samgöngumannvirkjum í kafla um samgöngur.</p>
Þingsályktun um viðauka við fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 (Alþingi 2008).	<p>Áætlunin setur fram fjárveitingar til framkvæmda við hafnir, flugvelli, vegi og sjóvarnir eftir sveitarfélögum og tilteknum verkefnum. Í aðalskipulagi Norðurlands þingis er gerð grein fyrir framkvæmdum á samgöngumannvirkjum í kafla um samgöngur.</p>
Fjarskiptaáætlun 2005-2010 (Samgönguráðuneytið 2005).	<p>Lögð verði áhersla á að þau tækifæri sem felast í góðum fjarskiptum, góðri menntun og tækniþróun verði nýtt til að skapa störf og auka hagsæld um land allt.</p> <p>Allir landsmenn sem þess óska geti tengst háhraðaneti og notið hagkvæmrar og öruggar fjarskiptaþjónustu.</p> <p>Öryggi vegfarenda verði bætt með auknu aðgengi að farsímabjónustu á þjóðvegum landsins og helstu ferðamannastöðum.</p>

<p>Þingsályktun um ferðamál</p> <p>(Alþingi 2005)</p> <p>og</p> <p>Ferðamálaáætlun 2006-2015</p> <p>(Samgönguráðuneytið 2005).</p>	<p>Náttúra Íslands, sterk byggð, menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir þróun íslenskra ferðamála.</p> <p>Tryggð verði samkeppnishæfni ferðabjónustunnar sem stuðli að hámarksafrakstri í greininni.</p> <p>Álagi vegna ferðabjónustu verði jafnað á landið og íbúa þess og verði innan þolmarkasamræmi við niðurstöður rannsókna.</p> <p>Ímynd Íslands sem ferðamannastaðar verði byggð upp og varin.</p> <p>Ferðabjónustunni verði sköpuð rekstrarskilyrði sambærileg við rekstrarskilyrði í samkeppnislöndunum.</p> <p>Ísland verði í forystu í umhverfsvænni ferðabjónustu.</p> <p>Fylgt verði eftir uppbyggingu þjóðgarða með því að stuðla að ferðabjónustu sem samþættir útivist og náttúruvernd.</p> <p>Ábyrgð ferðamanna og fyrirtækja í ferðabjónustu verði aukin í umhverfismálum.</p>
<p>Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004–2008</p> <p>(Alþingi 2004).</p>	<p>Í Norðurþingi verði unnið að friðlýsingu búsvæðis fugla í Öxarfirði og Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum verði stækkaður um allt að 78 km² þannig að hann myndi samfellda heild um gljúfrin. Stækkunin nái einkum til lands austan við núverandi þjóðgarðsmörk þannig að Meiðavallaskógur, nærliggjandi svæði við norðvesturmörk hans og landræma sunnan núverandi marka verði innan þjóðgarðs.</p>
<p>Tillaga Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun 2004-2008</p>	<p>Auk þeirra svæða sem eru í samþykktri náttúruverndaráætlun lagði Umhverfisstofnun til að svæði á Melrakkasléttu yrði friðlýst. Svæðið nær frá Presthólalóni norður í Kollufjall og þaðan austur í Klíningsskarð. Þá norður með Leirhafnarfjöllum austanverðum yfir í Geflu, þaðan austur í Þrætuvatn, yfir í Hafnarvötn og þaðan í Gegnisvík. Frá Gegnisvík með ströndinni í vestur og síðan í suður allt í Vörsluvík (mörk sett fram með fyrirvara).</p>
<p>Náttúruminjaskrá</p> <p>(Náttúruverndarráð 1996).</p>	<p>Sjá kafla um náttúruverndarsvæði í áfangaskýrslu 6.</p>

<p>Líffræðileg fjölbreytni.</p> <p>Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni</p> <p>(Ríkisstjórn Íslands 2008).</p>	<p>Stefnan miðar að því að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni Íslands og koma í veg fyrir frekari skerðingu hennar, tryggja sjálfbæra nýtingu lífríkisins og endurheimta þá þætti þess sem spillst hafa eða horfið vegna umsvifa mannsins.</p>
<p>Velferð til framtíðar</p> <p>(Umhverfisráðuneytið 2002 og 2007).</p>	<p>Sjá kafla 5.4 að neðan.</p>
<p>Stefnumörkun í loftslagsmálum</p> <p>(Umhverfisráðuneytið 2008).</p>	<p>Íslensk stjórnvöld munu standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar innan ramma Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og Kýótó-bókunarinnar.</p> <p>Leitað verður allra hagkvæmra leiða til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.</p> <p>Markvisst verður stuðlað að samdrætti í notkun jarðefnaeldsneytis, en þess í stað nýtt endurnýjanleg orka og loftslagsvænt eldsneyti.</p> <p>Stuðlað verður að aukinni bindingu kolefnis úr andrúmslofti með skógrækt og landgræðslu, endurheimt votlendis og breytttri landnotkun.</p> <p>Undirbúin verður aðlögun að loftslagsbreytingum jafnhliða því sem leitað verður leiða til að draga úr hraða þeirra og styrkleika.</p>
<p>Lög um landshlutabundin skógræktarverkefni</p> <p>(Alþingi 2006).</p>	<p>Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglandis neðan 400 m yfir sjávarmáli.</p>
<p>Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga. Skýrsla og tillögur nefndar.</p> <p>(Umhverfisráðuneytið 2007).</p>	<p>Lagt er til að beitarstýring verði aukin, unnið verði að friðun birkiskóga og að sett verði opinbert markmið um að birkiskógar þeki í framtíðinni 10% af flatarmáli landsins og að birki verði gróðursett í auknum mæli á skógræktarsvæðum þar sem lögð hefur verið áhersla á innfluttar tegundir.</p> <p>frh. á næstu bls.</p>

	Lagt er til að rannsóknir á íslenskum birkiskógum verði efldar, að fræðsla um gildi birkiskóga verði aukin og að gefnar verði út leiðbeiningar um hvernig forðast má eða draga úr röskun birkiskóga í tengslum við framkvæmdir.
Þingsályktun um Landgræðsluáætlun 2003-2014	Markmið landgræðslustarfs séu: Að stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu og fyrirbyggja frekari eyðingu og landspjöll. Að byggja upp gróður og jarðveg í samræmi við gróðurskilyrði og landnýtingarþörf. Að öll landnýting verði sjálfbær. Að binda kolefni í gróðri og jarðvegi til mótvægis við losun gróðurhúsalofttegunda.

3.3 Áætlanir og stefna á svæðisvísu

Aðalskipulag Norðurlands Norðurlands tekur mið af eftirfarandi áætlunum á svæðisvísu:

Heiti áætlunar	Markmið/stefna sem tengist aðalskipulagsgerðinni
Norðurlandsskógar – landshlutabundið skógræktarverkefni	Stefnt skal að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglandis neðan 400 m yfir sjávarmáli á starfssvæði Norðurlandsskóga, sbr. lög nr. 95/2006 um landshlutabundin skógræktarverkefni. Svæði Norðurlandsskóga nær frá Hrutafirði austur á Langanes.
Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 (samvinnunefnd um svæðisskipulag háhita í Þingeyjarsýslum 2007).	Skipulagið tekur til orkuvinnslusvæða, svæða fyrir flutningslínur raforku, tengivirkis á Hólásandi, hitaveitulagnar frá Þeistareykjum að Húsavík, virkjanavega og verndarsvæða og verndarákvæða vegna náttúruvafars og minja.

3.4 Áætlanir sveitarfélagsins

Aðalskipulag Norðurlands Norðurlands tekur mið af eftirfarandi áætlunum sveitarfélagsins Norðurlands:

Heiti áætlunar	Markmið/stefna sem tengist aðalskipulagsgerðinni
Tillaga að Umhverfisáætlun Norðurlands. Staðardagskrá 21 (drög 17.12.2007)	Öll stefna í drögunum sem tengist aðalskipulagi verði tekin upp í tillögu að Aðalskipulagi Norðurlands 2009-2029.

4 Umhverfisaðstæður í Norðurþingi

Vísað er til eftirfarandi kafla í áfangaskýrslu 1 en þeir fjalla um aðstæður í sveitarfélaginu og þau viðfangsefni sem aðalskipulagstillagan þarf að fást við:

- 4 Styrkleikar Norðurþings
- 5 Áskoranir og tækifæri
- 5.1 Fækkun íbúa og uppbygging atvinnulífs
- 5.2 Sameining samfélags og sérstaða svæða
- 5.3 Vatnajökulsþjóðgarður og ferðþjónusta
- 5.4 Skógrækt, frístundabyggð og náttúru- og landslagsvernd
- 5.5 Efnistaka og náttúru- og landslagsvernd
- 5.6 Landeyðing og landgræðsla
- 5.7 Náttúruvá, vísindi og ferðþjónusta
- 5.8 Nýting orkuauðlinda og náttúruvernd
- 5.9 Stóriðja og umhverfisáhrif
- 6 Áætlun um byggðapróun
- 6.1 Áætlun atvinnuþróun
- 6.2 Áætlun íbúðarþróun
- 6.3 Þörf fyrir íbúðarhúsnæði
- 6.4 Þörf fyrir atvinnuhúsnæði
- 6.5 Þörf fyrir breytingar á grunngerð

Í umhverfisskýrslu verður leitast við að lýsa núverandi ástandi þeirra umhverfisþátta sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af stefnu og ákvæðum aðalskipulagstillögunnar, eftir því sem tiltæk gögn leyfa. Sjá einnig kafla 5.1 um stefnumið og stefnukosti og kafla 5.2 um umhverfisáætli.

5 Umfang, áherslur og aðferðir umhverfismatsins

5.1 Stefnumið og stefnukostir

Í umhverfismati skipulagstillögunnar verður lögð áhersla á að draga fram þau stefnumið sem talið er að geti valdið *verulegum neikvæðum áhrifum* á umhverfið og/eða geta verið í andstöðu við fyrirliggjandi stefnu stjórnvalda. Það getur átt við um stefnumið sem eru líkleg til að:

- hafa veruleg neikvæð bein eða óbein áhrif á náttúrufar, samfélag, efnahag eða náttúruauðlindir;
- vara lengi;
- ná yfir stór svæði, yfir landamæri eða til fjölda fólks;
- hafa áhrif á heilsu fólks;
- leggjast saman með öðrum stefnumiðum, aðgerðum eða umhverfisbreytingum;
- vera í ósamræmi við samþykka stefnu á heims-, lands- eða svæðisvísu.

Þau stefnumið í fyrirliggjandi tillögu að Aðalskipulagi Norðurþings 2009-2029 sem þetta getur átt við um eru:

- Stefna um stóriðju að Bakka, tilheyrandi orkuflutningur, hafnarmannvirki og önnur tengd mannvirki.
- Opin stefna um nýtingu jarðhita í Öxarfirði, þ.e. ekki hafa verið afmörkuð tiltekin svæði en gert er ráð fyrir að unnt sé að nýta auðlindirnar með sjálfbærum hætti.
- Opin stefna um nýtingu vatnsafls og ferskvatnsauðlinda, þ.e. ekki hafa verið afmörkuð tiltekin svæði en gert er ráð fyrir að unnt sé að nýta auðlindirnar með sjálfbærum hætti.
- Almenn stefna um skógrækt í dreifbýli.
- Almenn stefna um landgræðslu og tiltekin landgræðslusvæði.
- Almenn stefna um nýtingu jarðefna og tiltekinna efnistökusvæða.
- Almenn stefna um ylrækt.
- Stefna um samgöngur og byggðarmynstur í dreifbýli.
- Stefna um ný íbúðarsvæði og ný atvinnusvæði á Húsavík.
- Stefna um landfyllingu í Suðurfjöru á Húsavík fyrir athafnastarfsemi.
- Stefna um nýjar tengibrautir á Húsavík.

Bornir verða saman raunhæfir valkostir í þeim tilvikum sem það á við, þ.e. að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs. Samanburður kosta er leið til að velja þann kost sem veldur minni neikvæðum áhrifum og framfylgir leiðarljósi og meginstefnu sveitarfélagsins með fullnægjandi hætti. Dæmi um valkost er óbreytt landnotkun m.v. núverandi ástand eða m.v. gildandi aðalskipulag, svæðisskipulag og/eða deiliskipulag.



5.2 Umhverfispættir

Umvhverfispáttur er sá páttur sem talin er geta orðið fyrir áhrifum af framfylgd áætlunar, t.d. gróðurfar, landslag, menningarminjar eða hljóðvist.

Við mat á einstökum stefnumiðum aðalskipulagstillögunnar verður farið yfir eftirfarandi umhverfispætti, en leitast verður við að draga fram þá þætti sem líklegt er talið að verði fyrir *verulegum áhrifum* af framkvæmd viðkomandi stefnu og gera grein fyrir hvaða þættir eru ekki taldir þarfnast sérstakrar athugunar. Listinn byggir á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar, stefnu ríkisins um sjálfbæra þróun sem sett er fram í „Velferð til framtíðar“ og umhverfisaðstæðum og –vandamálum í Norðurþingi.

Í umfjöllun um stefnu um stóriðju á Bakka og tilheyrandi mannvirki verður fjallað um þá umhverfispætti sem skilgreindir eru í tillögu að matsáætlun fyrir álver Alcoa á Bakka (dags. okt. 2008, sjá <http://hrv.is/hrv/Alcoaskýrsla/>). Umfjöllunin mun miða við áætlunarstig en að öðru leyti verður vísað í mat á framkvæmdastigi.

Umvhverfispáttur	Undirpáttur
Andrúmsloft og veðurfar	Gróðurhúsaáhrif Svifryk
Yfirborðsvatn, grunnvatn, strandsvæði	Vatnsgæði Vatnsbúskapur
Land og sjávarbotn	Jarðmyndanir Jarðvegur Jarðhitasvæði
Vistkerfi	Vistgerðir og/eða búsvæði Gróðurfar Dýralíf Líffræðileg fjölbreytni
Heilsa og öryggi	Heilsufar íbúa Óþægindi vegna t.d. hávaða, lyktar, birtu eða ryks Náttúruvá Umferðaröryggi og slyshætta Matvælaöryggi
Náttúruminjar	Friðlýst svæði Svæði í Náttúruverndaráætlun Svæði háð 37. gr. laga um náttúruvernd Svæði sem njóta hverfisverndar Önnur svæði á náttúruminjaskrá Aðrar náttúruminjar

Menningarminjar	Friðlýstar og aðrar fornleifar Friðuð hús Minjar sem njóta hverfisverndar Önnur menningarverðmæti
Náttúrulegt landslag	Víðerni Ósnortið/náttúrulegt yfirbragð Fjölbreytileiki landslags Andstæður í landslagi Sérstaða/fágæti
Menningarlandslag	Saga/sögulegt gildi
Hagrænir og félagslegir þættir	Atvinnulíf Íbúaþróun Þjónusta Samgöngur
Útivist og íþróttir	Aðgengi og möguleikar til útivistar
Byggðarmynstur og yfirbragð byggðar	Einkenni byggðar, s.s. þéttleiki og yfirbragð Útsýni Tengsl við þjónustu og opin svæði


5.3 Umhverfisiðmið

Val á umhverfisiðmiðum byggir á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar, stefnu ríkisins um sjálfbæra þróun sem sett er fram í „Velferð til framtíðar“, umhverfisaðstæðum í Norðurþingi og markmiðum sveitarfélagsins eins og þau eru sett fram í aðalskipulagstillögunni. Eftirfarandi viðmið verða höfð til hliðsjónar við matið (skammstafanir vísa í stefnuskjal, lög eða reglugerðir, sjá skýringar neðst í töflunni). Einungis eru tekin þau markmið úr hverju stefnuskjali sem talin eru varða aðalskipulagsgerðina eða ná til þeirra umhverfispáttanna sem taldir eru geta orðið fyrir mestum áhrifum í Norðurþingi. Frumtexti markmiðanna eru styttnir en leitast við að halda í efnislega merkingu. Vísað er til frumtexta varðandi nákvæma orðun markmiða, sjá heimildaskrá.

Umvhverfispáttur	Viðmið / umhverfismarkmið
Andrúmsloft og veðurfar	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Heilnæmt andrúmsloft m.v. ströngustu mörk á EES (VTF). ▪ Lágmarks loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarrar starfsemi (VTF). ▪ Losun ósoneyðandi efna verði hætt árið 2010 (VTF).
frh. á næstu bls	.

Yfirborðsvatn, grunnvatn, strandsvæði	<ul style="list-style-type: none"> Heilnæmt og ómengað vatn til neyslu og annarra nytja (VTF). Engin eða lítil mengun í ám og vötnum (VTF). Endurnýjanlegar orkulindir nýttar með hagkvæmni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi (VTF). Stuðlað að aukinni orkunýtni (VTF).
Land og sjávarbotn	<ul style="list-style-type: none"> Fjölbreytni jarðmyndana varðveitt m.þ.a. vernda sérstakar eða einstakar á svæðis-, lands- eða heimsvísu (VTF). Jarðvegur verði nýttur á sjálfbæran hátt (VTF). Endurnýjanlegar orkulindir nýttar með hagkvæmni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi (VTF). Stuðlað að aukinni orkunýtni (VTF). Dregið úr myndun og meðhöndlun úrgangs og meðhöndlun hans valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið (VTF). Spilliefni berist ekki út í umhverfið (VTF). Aukin endurnýting úrgangs, s.s. umbúða, lífræns úrgangs, rafeindabúnaðar og raftækja (VTF). Losun skaðlegra efna í hafid hverfi með öllu (VTF).
Vistkerfi	<ul style="list-style-type: none"> Fjölbreytileiki tegunda og vistgerða (VTF). Forðast skerðingu votlendis, birkiskóga og annarra lykilvistkerfi (VTF). Endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa þar sem talið er mögulegt (VTF). Gróður, þ.m.t. skógur, nýttur á sjálfbæran hátt (VTF). Beit stjórnað m.t.t. nýtingarpóls og hættu á jarðvegseyðingu (VTF). Skipuleg landgræðsla á eyddum og rofskemmdum svæðum, í samræmi við markmið landnýtingar og náttúruverndar á hverju svæði. Hraðfara jarðvegseyðing stöðvuð (VTF). Nytjaskógar falli sem best að landslagi og vistkerfi landsins (VTF). Líffræðileg fjölbreytni vistgerða og vistkerfa viðhaldið með því að vernda tegundir dýra, plantna og annarra lífvera, erfðaauðlindir þeirra og búsvæði (VTF). Öll nýting lífandi náttúru fari fram á sjálfbæran hátt (VTF). Við framkvæmdir sem raska eða breyta lífandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki (VTF). Endurnýjanlegar orkulindir nýttar með hagkvæmni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi (VTF). Stuðlað að aukinni orkunýtni (VTF). Dregið úr myndun og meðhöndlun úrgangs og meðhöndlun hans

	<ul style="list-style-type: none"> valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið (VTF). Spilliefni berist ekki út í umhverfið (VTF). Aukin endurnýting úrgangs, s.s. umbúða, lífræns úrgangs, rafeindabúnaðar og raftækja (VTF).
Heilsa og öryggi	<ul style="list-style-type: none"> Heilnæmt og örugg matvæli úr hágæða hráefnum í ómenguðu umhverfi (VTF). Notkun efna og efnavöru ógni ekki heilsu mann og umhverfi (VTF). Losun efna sem eru hættuleg heilbrigði og umhverfi verði takmörkuð eins og mögulegt er og verði hætt innan aldarfjórðungs (VTF). Ásættanlegt öryggi íbúa m.t.t. náttúruvár (VTF). Landnýting taki tillit til náttúruvár (VTF).
Náttúruminjar	<ul style="list-style-type: none"> Markmið og ákvæði laga um náttúruvernd.
Menningarminjar	<ul style="list-style-type: none"> Markmið og ákvæði þjóðminjalaga. Fornleifar sem taldar eru verðmætar á fyrirbyggjandi skrár yfir fornleifar í Norðurþingi.
Náttúrulegt landslag	<ul style="list-style-type: none"> Stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum landsins (VTF). Reynt að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna en annars verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun (VTF).
Menningarlandslag	<ul style="list-style-type: none"> Markmið og ákvæði þjóðminjalaga og laga um náttúruvernd.
Hagrænir og félagslegir þættir	<ul style="list-style-type: none"> Vöxtur í ferðaþjónustu en komið í veg fyrir skaða á náttúrunni vegna aukinnar umferðar (VTF). Uppbygging nytjaskóga eflir byggð og atvinnu í dreifbýli (VTF).
Útivist og íþróttir	<ul style="list-style-type: none"> Óskertur aðgangur almennings að náttúru landsins nema þegar brýna nauðsyn ber til vegna náttúruverndarsjónarmiða (VTF). Tillit tekið til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu (VTF).
Byggðarmynstur og yfirbragð byggðar	<ul style="list-style-type: none"> Markmið og ákvæði skipulags- og byggingarlaga. Markmið og stefna viðeigandi áætlana á landsvísu, s.s. samgönguáætlunar, byggðaáætlunar, ferðamálaáætlunar og fjarskiptaáætlunar.
Skýringar á skammstöfunum: <ul style="list-style-type: none"> EES: Evrópska efnahagssvæðið. VTF: Velferð til framtíðar, sjá heimildaskrá. SD21: Drög að stefnu Norðurþings um sjálfbæra þróun. 	



5.4 Gögn, matsvinnan og framsetning

Við aðalskipulagsgerðina hefur verið byggður upp landfræðilegur upplýsingabanki fyrir Norðurþing, bæði til að auðvelda greiningu á landi sem grunn að stefnumörkun og til að auðvelda mat á áhrifum skipulagstillögunnar á umhverfið. Safnað hefur verið saman gögnum frá opinberum stofnunum s.s. varðandi vatnafar, gróðurfar, berggrunn, jarðveg, lífríki, menningarminjar, ræktun og aðra landnýtingu. Á grundvelli þessara gagna hefur verið gerð greining á náttúrufari og landslagi Norðurþings, sbr. áfangaskýrslur 1-6. Þessi gögn verða nýtt við matið auk ritaðra heimilda sem varða einstök stefnumið, en heimildaskrá aðalskipulagsins er lögð fram með þessari áfangaskýrslu.

Umhverfismatið verður unnið í venslatöflum þar sem einstökum áhrifum verða gefnar einkunnir og matið skýrt og rökstutt með stuttum texta. Niðurstöður umhverfismatsins verða settar fram í umhverfisskýrslu (Áfangaskýrsla 8. Forsendur og áhrif Aðalskipulags Norðurþings 2009-2029) sem verður viðauki með aðalskipulaginu.

Aðalskipulagsráðgjafar leggja mat á umhverfisáhrif aðalskipulagstillögunnar. Leitað verður til annarra sérfræðinga eftir því sem tilefni þykir til. Matið mun einnig byggja á sjónarmiðum og ábendingum sem fram hafa komið á þeim íbúafundnum sem haldnir hafa verið til þessa og haldnir verða, en á þeim hefur verið/verður leitast við að kalla fram mat íbúa á kostum og göllum einstakra stefnumiða (sjá hjálagað skjal með yfirliti yfir samráð og kynningu). Mat á áhrifum stóriðju á Bakka og tilheyrandi mannvirkjum mun byggja á mati sérfræðinga sem vinna að mati á umhverfisáhrifum þessara framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Mat ráðgjafa verður rýnt af skipulags- og byggingarnefnd og skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings. Matslýsing ásamt skipulagstillögu verður til kynningar á vef Norðurþings í september 2009 og gefst íbúum og öðrum hagsmunaaðilum þá tækifæri til að koma ábendingum um möguleg umhverfisáhrif á framfæri. Skipulagstillaga ásamt drögum að umhverfisskýrslu verður síðan kynnt á vef Norðurþings og send viðeigandi stofnunum og hagsmunaaðilum til umsagnar áður en endanlega verður gengið frá tillögu og umhverfisskýrslu til auglýsingar skv. skipulags- og byggingarlögum.

6 Heimildir

Alþjóðlegir samningar í umhverfismálum á vef umhverfisráðuneytisins, www.umhverfisraduneyti.is

HRV Engineering 2008: **Álver Alcoa á Bakka við Húsavík í Norðurþingi - Ársframléiðslugeta allt að 346.000 tonn.** Mat á umhverfisáhrifum - Tillaga að matsáætlun. Október 2008.

Norðurlandsskógar (ó dags.): Kynningarbæklingur. Á: <http://www.nls.is/umnls.htm>

Office of the Deputy Prime Minister 2005: **Sustainability Appraisal of Regional Spatial Strategies and Local Development Documents.** Guidance for Regional Planning Bodies and Local Planning Authorities. London: ODPM.

Á: <http://www.communities.gov.uk/publications/planningandbuilding/sustainabilityappraisal>

Scottish Executive 2006: **Strategic Environmental Assessment Tool Kit. SEA Templates.** Á: <http://www.scotland.gov.uk/Topics/Environment/14587>

Skipulagsstofnun 2005 og 2008: **Leiðbeiningar umhverfisflokka, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.** Á: www.skiplag.is.

Skipulagsstofnun 2007: **Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.**

Skipulagsstofnun 2009: **Hvað er matslýsing?** Upplýsingablað um viðfangsefni og innihald. Á: www.skiplag.is

Umhverfisráðuneytið 2002: **Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.**

Umhverfisráðuneytið 2007: **Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2006-2009.**

Umhverfisráðuneytið 2005: **Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Tölulegar vísbendingar 2005.**

Umhverfisráðuneytið 2007: **Stefnumörkun í loftslagsmálum.**

Umhverfisráðuneytið 2007: **Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga.** Skýrsla og tillögur nefndar.

